Er lögbrot að neita yfirvinnu? 3

Arðrændir og kúgaðir allra landa - sameinist!

VERKALÝÐS BLAÐIÐ

Málgagn Einingarsamtaka kommúnista (marx-leninista)

14. tbl. 31.júlí-13. ágúst 1979 — 2oo kr. — Sími 28962

Sumarbúðir

Fjölskyldubúðirnar verða um Verslunarmannahelgina að Félagsgarði í Kjós (við Laxá). Þátttakendur mæti við Hópferðamiðstöðina við Suðurlandsbraut kl. 8$\frac{15}{}$ að morgni laugardagsins 4.ágúst.

Ef einhverjar upplýsingar vantar, má hringja í síma 43804.

Mætum öll!

4-5

Gróðinn er eina markmiðið

Jan Mayen og 200 mílur

Noregur býður Íslandi sama rétt og Sovét-ríkjunum

"Ísland á leikinn núna", segir Kjell Raasok aðstoðarráðuneytisstjóri í Fiskveiðiráðuneytinu norska.

Fundi íslenskra og norskra sendinefnda um málefni Jan Mayen lyktaði með því að báðir stóðu fast við fyrri afstöðu.

ÍSLAND VILL SÉRSTÖÐU.

Í viðtali við norska blaðið Klassekampen, segir Kjell Raasok, sem stýrði norsku nefndinni, að Ísland hafi óskað eftir sérstöðu á svæðinu umhverfis Jan Mayen. Norsk yfirvöld eru hins vegar ekki á þeim buxunum að veita Íslandi sérstök réttindi. Á sama tíma eru norsk yfirvöld að afhenda Sovétríkjunum 155 þús. ferkílómetra hafsvæði í Barentshafi.

"Takist okkur að koma á lögsögu umhverfis Jan Mayen þá getum við líka byrjað á því að ræða það hvernig fiskveiðum verði

4

Kampútsea:



Hér sjást nokkrir af æðstu leiðtogum Kampútseu á ferð í fylgd með hermönnum. Myndin er tekin í maí þegar ríkisstjórnin hélt ráðstefnu til þess að ræða ástandið í landinu og leggja á ráðin um næstu aðgerðir. Á myndinni sjást m.a. Ieng Sary og Khien Sampan.

Þessi mynd var tekin af Pol Pot fyrir skömmu. Hann og ríkisstjórn hans hefur aðsetur dúpt inn í hinu mikla skógasvæði Kampútseu og stjórna þaðan baráttunni um gjörvallt landið.

BREIÐFYLKING

Ríkisstjórn Kampútseu hefur unnið að því að undanförnu að efla baráttuna gegn innrásinni, bæði heimafyrir sem og erlendis. Einn liðurinn í þeirri baráttu er myndun breiðfylkingar þjóðarinnar, þar sem allir nema verstu svikararnir geta sameinast til baráttu. Hefur stjórninni þegar orðið nokkuð ágengt sem m.a. má marka af því að fyrrverandi fylgjendur Lon Nol taka nú þátt. Vopnaðar sveitir Khmer Serei-hermanna 1) berjast nú gegn Víetnömum við hlið þjóðfrelsisliða ("Rauðra Khmera"). Ennfremur hefur nú nokkuð lið sem áður fylgdi Heng Samrin- og Víetnömum snúist á sveif með skæruliðum. Ástæðurnar fyrir því eru aðallega tilraunir Víetnama til að yfirtaka það svæði sem þeir ráða í Kampútseu og flytja þangað fólk frá Víetnam. Nú eru um 200.000 Víetnamar komnir í þau héruð Kampútseu sem liggja næst Víetnam.

Ieng Sary, utanríkisráðherra Kampútseu, sagði nýlega í viðtali við franska blaðið Le Monde að stjórnin væri reiðubúin til að víkka grundvöll stjórnarinnar með

7

Barátta fyrir tilveru þjóðarinnar

Við viljum raunverulegt lýðræði

4-5

Jan Mayen Sovétríkin græða á meðan Noregur og Ísland deila

8

VERKALÝÐS BLAÐIÐ

Sök bítur sekan

Útgjöld ríkissjóðs vegna olíuverðhækkana hafa aukist um tugi milljarða króna. Um leið vantar ógnarfúlgur í ríkissjóð svo fjárlög standist. Er orsökin bruðl og heimtufrekja vinnandi alþýðu þessa lands? Eða eru löngu mergsogin lönd þriðja heimsins að steypa Íslandi í glötun ?

Þvert á móti. Minni kaupmáttur vinnufólksins en ágætis afkoma meirihluta fyrirtækja (eftir drjúga "aðstoð" ríkisins) sýnir að hækkandi vöruverð og óðaverðbólgan stafar einna helst af því að auðstéttin fær að velta öllum útgjaldahækkunum út í verðlagið. Á meðan rænir ríkisvaldið fleiri krónum með nýjum og nýjum álögum. Gott dæmi um þær er 8% gengissig og enn meiri frádráttur af óskiptum afla fiskiskipa til hjálparsjóða ríkisins en áður. Ránsfengur sjóðanna af óskiptum afla nemur nú 25% aflaverðs! "Kjörin varin" - sagði Svavar Gestsson.

Líklega eru fyrirhugaðar söluskatts- og vörugjaldshækkanir 1. sept. þá hrein kjarabót, að áliti sama herra.

Olíusölulönd þriðja heimsins hafa farið varlega í olíuverðhækkanir - nú síðast hækkaði OPEC (samtök olíuframleiðsluríkja) verð á fati um fjórðung. En það söluverð er langt undir söluverði auðhringanna sem eru á samningum við OPEC-löndin. "Rotterdamverð" sovésku auðfurstanna sem sjá Íslandi fyrir mestum hluta olíunnar er 4-5 sinnum hærra en OPEC-verðið. Enda sýna dæmin að gróði auðhringanna er feikimikill - skv. Dagblaðinu 24.7. yfir 1.000 milljónir dala fyrstu 6 mán. ársins (Exxou). Íslenskir sjómenn, ísl. alþýðuheimili og vinnandi fólk yfirleitt skal bera mest af gjöldum ríkisins í gróðahít erlendu arðræningjanna - það er lóðið.

Og hverjir stýra síauknum álögum á alþýðufólk fyrir hönd þeirra sem verndа gróða sinn ? Forysta "alþýðu"flokkanna.

21. ágúst nálgast: Flóttafólkið og flotinn er áminning

21. ágúst í ár eru rétt 11 ár liðin frá innrás Varsjárbandalagsherja, með sovésku heimsvaldaseggina í broddi fylkingar, í Tékkóslóvakíu. Enn er sovéskur herafli á tékkneskri grund til að standa vörð um ítök og völd Kremlverja og tékkneskra leppa þeirra. Vaxandi atvinnuleysi, fátækt og lífsflótti sem lýsir sér í gegndarlausri áfengisneyslu og alkóhólisma. Fólkið sem byggir Tékkóslóvakíu þarf athygli og hjálp nú, ekki síður en 1968 og árin sem liðin eru síðan.

Undanfarin ár hefur 21. ágúst-hreyfingin staðið að upplýsingadreifingu og aðgerðum til stuðnings tékkneskri alþýðu gegn sovésku heimsvaldastefnunni. Sömuleiðis hafa Samtök herstöðvaandstæðinga látið stuðningsstarfið til sín taka í vaxandi mæli og er það vel. Í ár er útlit fyrir að náist samstaða um þróttmiklar aðgerðir sem SHA standa að.

Sovéska útþenslu- og heimsvaldastefnan er í sókn um allan heim og ógnar öryggi og friði hvar sem hún drepur niður fæti. Víetnömsk stjórnvöld hafa tekið að sér skítverk fyrir Sovétmenn í Asíu. Þau standa að innrás og hernámi Kampútseu, árásum á Kína og ótrúlega grimmilegum ofsóknum gegn Víetnömum af kínverskum uppruna. Hitler sendi andstæðingana í gasklefa, víetnamskir offíserar láta saklaust fólk borga sér fúlgur fyrir að flýja á flekum og bátum á haf út.

Ísland mun taka við flóttafólki frá Víetnam og rétta þannig fram hjálparhönd til fólks sem er leiksoppar sovéskrar útþenslustefnu í Asíu. Undanfarna daga hafa og borist fréttir af risavöxnum "ryksuguflota" sovéskra fiskiskipa rétt við 200 mílna lögsögu Íslands og nálægt Jan Mayen. Sovétmenn ætla sér að fiska í gruggugu vatni og nota sér andstæður sem skapast hafa milli Íslenskra og norskra stjórnvalda í umræðum um Jan Mayen í eigin ábataskyni.

Íslendingar hafa ekki "þreifað" á sovéskri heimsvaldastefnu , á borð við t.d. Tékka, Víetnama af kínverskum uppruna, Eritreumenn og fleiri. En flóttamannamálið og ögranir sovéska flotans minna okkur á tímann sem við lifum. Fátt er eins ógnvekjandi í heimsmyndinni um þessar mundir og heimsveldabrölt Sovétríkjanna. 21. ágúst er kjörinn dagur til að minna okkur á þá staðreynd.

21. ágúst

Liðsfundur á Hótel Borg (turninn) fimmtudaginn 2. ágúst kl. 20. Dagskrá:
1. Fréttir af SHA
2. Á að leggja hreyfinguna niður ?

Nefndin

Í mars óskuðu Einingarsamtökin eftir viðræðum við samtök sem bera nafnið Kommúnistaflokkur Íslands/ML. Tilgangur viðræðnanna var að kanna um hvað samtökin tvö væru sammála og ósammála, svo unnt væri að taka ákvarðanir sem miðuðu að sameiningu þeirra. Flestum sem fylgjast með t.d. Verkalýðsblaðinu og Stéttabaráttunni(málgagni KFÍ/ML) er kunnugt um að samstaða er með samtökunum í mjög mörgum stefnuatriðum.

VIÐRÆÐUNUM LAUK SNÖGGLEGA.

Alls urðu viðræðufundir fulltrúa samtakanna átta. Í upphafi þeirra lýstu EIK (m-l)því yfir að þau myndu endurmeta afstöðu sína til KFÍ/ML að viðræðunum loknum -en samþykktu um leið tillögu KFÍ/ML þess efnis að viðræðufundirnir skyldu aðeins kanna afstöðuna í u.þ.b. 10 málefnum, en ekki beinast að því að gera út um ágreininginn.

Að fimm umræðufundum loknum var orðið ljóst að enn er aðeins djúpstæður ágreiningur um þrjú mál:
1. Afstöðu KFÍ/ML til fyrri stefnu og starfs.
2. Afstöðu samtakanna til þess hverjir skipi verkalýðsstéttina.
3. Skilgreininguna á kommúnistaflokki, skilyrðum fyrir stofnun hans og aðferðir við stofnun hans.

Að þessu fengnu lögðu EIK(m-l) til að samtökin skipuðu sameiginlegar nefndir til þess að þróa áfram umræður um ágreininginn. Skyldu þær vera fyrsta skref til einingar milli samtakanna um öll mikilvægustu málin, þannig að EIK(m-l) gætu breytt heildarmati sínu á KFÍ/ML - eða með öðrum orðum litið svo á að KFÍ/ML væru orðin marx-leníniskt samtök.

Þessu hafnaði KFÍ/ML og krafðist þess að EIK(m-l) lýsti því yfir að hann væri "marx-leníniskur kommúnistaflokkur" áður en frekari viðræður færu fram.

Fulltrúar EIK(m-l) bentu á að samtökin væru ekki einu sinni sammála um hvað væri slíkur flokkur né heldur um hvort KFÍ/ML hafi í raun gert upp við alrangan stefnugrunn sinn. Gátu EIK(m-l) ekki samþykkt skilyrðin fyrir frekari viðræðum.

ALVARLEG VILLA.

Krafa KFÍ/ML um að EIK-(m-l) lýsi yfir æskilegustu niðurstöðum umræðna áður en þeim væri lokið, er beinlínis klofningstilraun. Engin réttlætanleg rök geta stutt kröfuna.

KFÍ/ML hefur sjálfur tekið undir með EIK(m-l) um að svonefnd Kommúnista-Samtök (KSML,forveri KFÍ/ML) hafi ekki verið marxísk samtök við stofnun-heldur samtök er stóðu á grunni endurskoðunarstefnu (falsmarxisma). Það er vægast sagt merkilegt að KFÍ/ML skuli ekki vera til umræðu um hvort hann hafi slitið öll bönd við sinn gamla grundvöll fyrr en EIK (m-l) lýsa því yfir að hann hafi þegar gert það!!!

SAMEINING ER BARÁTTA.

Auk einlægrar einingar þarf skarpa skoðanabaráttu til þess að sameina KFÍ/ML og EIK(m-l). KFÍ/ML hefur

EIK (m-l) — KFÍ/ml:

Öreigar og kúgaðar þjóðir heims sameinist!

Stéttabaráttan

Málgagn Kommúnistaflokks Íslands/Marxista-Lenínista

Ert þú áskrifandi að vikublaði verkafólks"

Farmannadeilan:

Afskipti "vinstri" stjórnarinnar

Dagsbrún

Viðræðurnar strönduðu

vikið sér undan baráttunni en sparaði sannarlega ekki bjartsýnisorðin til lesenda Stéttabaráttunnar við upphaf viðræðnanna.

EIK(m-l) telja KFÍ/ML mjög langt á veg kominn að verða marx-leníniskt samtök og óska fastlega eftir því að geta sameinast KFÍ/ML. Slík sameining væri mikilvægt skref til stofnunar raunverulegs kommúnísks verkalýðsflokks. En nú stendur svo sannarlega á KFÍ/ML.

Við hvetjum alla kommúnista og verkalýðssinna að aðstoða okkur við að fá KFÍ/ML til þess að halda viðræðum og skoðanabaráttu áfram- t.d. með því að senda Stéttabaráttunni bréf þess efnis(pósthólf 1357, Rvk.).

Barátta Palestínumanna veikir Ísrael

Undanfarna mánuði hefur barátta Palestínumanna fyrir frelsun heimalands síns risið æ hærra. Á það jafnt við um hernaðarbaráttuna sem baráttu óbreyttra borgara innan Ísrael og á herteknu svæðunum. Ísrael, sem gagnvart umheiminum þykist berjast gegn "hryðjuverkamönnum utan ríkisins", neyðist nú til að viðurkenna að palestínsk alþýða innan ríkisins og á herteknu svæðunum beri þunga baráttunnar. Í eftirfarandi grein mun VERKALÝÐSBLAÐIÐ fjalla um ástand mála í Ísrael - og byggir greinin á upplýsingum frá fréttastofum í landinu.

Í Ísrael hafa verið birt skjöl frá æðstu herstjórn landsins, þar sem fjallað er um vopnaða baráttu Palestínumanna, og andóf alþýðunnar á herteknu svæðunum. Fram kemur, að her og lögreglu gengur sífellt verr að ráða við ástandið, og að barátta Palestínumanna hefur síðasta árið risið hærra en nokkru sinni fyrr. Í skýrslu sem birt var í ísraelska blaðinu Yediot Aharonot í apríl sl., er lögð áhersla á eftirfarandi atriði.

Skæruliðar þekkja landið

1) Skæruliðarnir koma allir frá Vesturbakkanum, og gjörþekkja umhverfið sem þeir berjast í. 2) Áður voru 80 - 100 manns í hverri grunneiningu neðanjarðarhreyfingarinnar, og því auðvelt að uppræta stóran hóp ef einn var handtekinn. Nú eru í hæstalagi 4 í hverjum hóp, og öryggisreglur hafa verið hertar mjög. 3) Hver einstakur skæruliði fær í dag betri þjálfun, og hugmyndafræðilegur bakgrunnur hans er mun betri. Nú fara skæruliðar í þjálfun í Sýrlandi eða Líbanon, þar sem þeir hljóta æfingu í meðferð flókinna vopna sprengiefna, og ennfremur þjálfun í að standast yfirheyrslur.

Hver aðgerð betur undirbúin

4) Höfuðstöðvar PLO senda út almennar fyrirskipanir frá útvarpsstöð sinni í Beirút, en skæruliðahóparnir útfæra þessi fyrirmæli og undirbúa hverja aðgerð mjög gaumgæfilega. M.a. færist í aukana að skæruliðar gabbi her og lögreglu til að kanna árvekni óvinarins áður en aðgerð er framkvæmd. 5) gæði vopna sem skæruliðar nota hefur aukist mjög. "Fyrir ári síðan" segir í skýrslunni "voru 75% sprengiefna af frumstæðri og heimatilbúinni gerð. Í dag er 80% sprengi efna sem skæruliðar nota af bestu fáanlegri gerð". Vopnasmygl hefur mjög færst í aukana, og ráða yfirvöld í Ísrael ekkert við það. Vopnin koma mest í gegnum höfnina í Haifa, yfir landamærin frá Jórdaníu og inn á Vesturbakkann.

GERUM STÉTTARFÉLÖGIN AÐ BARÁTTUTÆKJUM

Er lögbrot að neita yfirvinnu?

Yfirvinnubann við lestun og losun í heimahöfn og á Reykjavíkursvæðinu hefur nú staðið í rúman mánuð. Með banninu vilja yfirmenn fyrst og fremst mótmæla bráðabirgðalögum ríkisstjórnarinnar, þar sem lagt var bann við verkfalli þeirra. Framkvæmd yfirvinnubannsins hefur í alla staði tekist mjög vel, og sú samstaða, sem farmenn sýndu í verkfallinu hefur hvergi brostið. Forsvarsmenn skipafélaganna bera sig hins vegar illa yfir banninu, þar sem það skerðir gróða þeirra og veldur þeim einnig ýmsum aukakostnaði s.s vegna meiri hafnargjalda. Skipafélögin hafa reynt að mæta þessu með því að nota leiguskip, sem landað er úr eftir að dagvinnu lýkur, og hefur þeim þannig, enn sem komið er a.m.k., að mestu tekist að halda áætlunum. Vegna þess að yfirvinnubannið þýðir skertan gróða fyrir útgerðina hafa útgerðarmenn reynt mikið til að fá það úrskurðað ólöglegt. Vinnuveitendasambandið (VSÍ) lagði fram stefnu til Félagsdóms þann 25. júní s.l. með kröfu þess efnis. Síðan hefur það mál verið að veltast um í dómskerfinu. Dómurinn samþykkti að vísa málinu til Sakadóms, síðan kærði VSÍ þann úrskurð til Hæstaréttar, sem ekki hefur enn fjallað um málið þegar þetta er skrifað.

Gerðardómur sem ríkisstjórnin fól að úrskurða í kjaradeilu farmanna og skipafélaganna á að skila niðurstöðum um mánaðarmótin júlí ágúst. Ræðst það væntanlega talsvert af þeim niðurstöðum, hvort og þá hvað aðgerða farmenn ákveða að grípa til. Þegar þetta blað kemur út í lok júlí liggur úrskurður dómsins enn ekki fyrir.

VSÍ hefur haldið því mjög á lofti, að farmenn séu að brjóta lög með því að neita að vinna yfirvinnu. Hér skal engu spáð um það hvernig dómstólarnir munu taka á því máli, en aðeins bent á að hér er í raun rætt um grundvallarréttindi verkafólks. Í landinu eru í gildi lög sem kveða á um 40 stunda vinnuviku. Samkvæmt því skyldi maður ætla að verkafólk sé frjálst að því hvort það vinnur lengri vinnudag. En þannig líta atvinnurekendur ekki á málið. Þeir ganga út frá því, að verkafólk sé skyldugt til að vinna eins langan vinnudag og gróðahagsmunir þeirra sjálfra krefjast. Hafnargjöld eru há hér á landi. Meðal annars þess vegna er æskilegt út frá sjónarmiði skipaeigenda að unnið sé við lestun og losun mikinn hluta sólarhringsins. Og þá verða yfirmennirnir að gjöra svo vel að vinna yfirvinnu. Kæra VSÍ til Félagsdóms vegna yfirvinnubannsins sýnir glögglega að atvinnurekendur líta á lögin um 40 stunda vinnuviku aðeins sem plagg, sem veifað er á tyllidögum, en telja sig á engan hátt bundna af þeim.

Farandverkafólk — berjist eigin baráttu

Vinnslustöðin í Vestmannaeyjum

Barátta farandverkafólks í Vestmannaeyjum fyrir bættri aðbúð hefur vakið mikla athygli að undanförnu. Er það vel. Vonandi verður hún til að efla samhug og baráttuvilja farandverkafólks um land allt, og bæta kjör þess.

Einn tilgangur farandverkafólksins í Eyjum var augljóslega að ýta við forystu verkalýðshreyfingarinnar og vekja hana af værum blundi. Það tókst. Í þjóðviljanum fyrir skömmu var haft eftir einum forystumanna farandverkafólksins, að aðgerðirnar hefðu náð tilgangi sínum, og nú væri aðeins að bíða og sjá hverju Verkamannasambandið næði fram í næstu samningum.

Vera kann, að Guðmundur J. Guðmundsson formaður Verkamannasambands Íslands, setji fram eitthvað af kröfum farandverkafólksins í næstu samningalotu. En reynsla margra ára hefur sýnt, að verkafólk getur ekki eingöngu treyst orðmærum stuðningi og loforðum verkalýðsforingja á borð við Guðmund J. Eigin barátta er þörf.

Fréttaritari.

Grafíska sveinafélagið: Hafnar stefnu ASÍ-forystunnar

I miðjum júlí-mánuði hélt Grafíska sveinafélagið félagsfund. Til umræðu var tilboð VSÍ um 3% grunnkaupshækkun miðað við laun í mars og samninga til áramóta. Umræður voru allnokkrar - einkum um launastefnu ASÍ og hvort GSF ætti að fylgja henni auðmjúklega.

Niðurstaðan var sú að Grafíska sveinafélagið skyldi ekki hafa önnur sjónarmið en hagsmuni sinna félagsmanna - en láta flokkspólitík og stjórnarstólahagsmuni öðrum eftir. Samningum GSF hefur nú verið sagt lausum f.o.m. 1. september n.k. Samþykkt var á fundinum að senda atvinnurekendum gagntilboð, sem fæli í sér m.a. samninga til 1 árs, áfangahækkanir til að bæta upp kjaraskerðingu undanfarins árs og óskertar vísitölubætur.

Fréttaritari.

Göngum inn í Verkamannasambandið, segir Aðalheiður

Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir

Nýlega var haldinn félagsfundur í Starfsmannafélaginu Sókn. Tilefnið var umræða og afgreiðsla á 3% kjarasamningum. En af einhverjum orsökum tók Aðalheiður Bjarnfreðs upp annað stórmál á fundinum, án þess að það væri kynnt fyrirfram. Það var innganga Sóknar í Verkamannasambandið. Formaðurinn lagði áherslu á að þetta mundi styrkja stöðu Sóknar og efla samstöðu með öðrum hlutum verkalýðshreyfingarinnar.

En félagsmenn höfðu vit fyrir formanninum og höfnuðu að félagið skyldi æskja inngöngu í VMSÍ. Sú afstaða þeirra var hárrétt. Aðild að VMSÍ hefði þýtt enn meira ósjálfstæði félagsins og minni möguleika fyrir óbreytta félagsmenn til að hafa áhrif á gang mála, sem sagt meiri miðstýringu og harðari tök stéttasamvinnunnar á félaginu. Þá er það einnig forkastanlegt, að formaður skuli ætla sér að ýta málinu í gegn á fámennum fundi, án þess að kynna það nokkuð fyrirfram.

Fréttaritari.

Úr iðnnemahreyfingunni

Í gildi er sérstakur samstarfssamningur milli INSÍ og ASÍ og Alþýðusambandið hefur viðurkennt iðnnemahreyfinguna sem fullgildan samningsaðila, svo og að henni beri að fá bæði samnings- og verkfallsrétt. Alvaran á bak við þá afstöðu forsvarsmanna Alþýðusambandsins virðist þó vera takmörkuð í meira lagi. Í nýafstöðnum samningum milli ASÍ og VSÍ um 3% kauphækkun til aðildarfélaga sambandsins, samdi ASÍ fyrir hönd INSÍ um þessa hækkun. Og um þetta fengu forsvarsmenn INSÍ aðeins fréttir í fjölmiðlum. Við þá var hvorki haft samband fyrir né eftir samningagerðina. Þarna er um að ræða hróplega lítilsvirðingu á INSÍ og þverbrot á áðurgreindum samstarfssamningi. Reyndar hefur þessi samstarfssamningur sætt harðri gagnrýni á þingum INSÍ undanfarin ár, vegna þess að iðnnemar hafa átt bágt með að sjá ávinninginn af honum. Sennilega verður þetta til þess að kröfur um að samstarfssamningnum verði sagt upp, komi fram af meiri þunga á næsta INSÍ-þingi í október.

Fréttaritari.



BHM

. . enda enginn ágreiningur

Bandalag háskólamanna (yfir 3000 félagsmenn) mun kynna ríkinu kröfur vegna nýs aðalkjarasamnings eftir 1. ágúst.

GRUNNLAUN VERÐA AÐ HÆKKA.

Í kröfugerðinni er ekki ákveðin krafa um hærri grunnlaun vegna þess að launamálaráð BHM telur "framvindu kjaramála óljósa". Slíkt hik, hangs aftan í ASÍ BSRB eða sú vinsemd í garð fjandsamlegs ríkisvalds sem þetta gat í kröfugerðinni ber með sér, er ekki góðs viti.

Ýmsar baráttukröfur eru í kröfugerðinni. Dæmi: Krafa er um nýjar launaflokkshækkanir við 10 ára starfsaldur, persónuuppbót er nemi einum mánaðarlaunum við 20 ára starfsaldur og eftir það árlega. Krafa er um að menn verði í þeim launaflokki er gefi sambærileg laun og aðrir hafa er vinna sömu störf hjá öðrum.

Krafa er um að yfirvinna greiðist með 1.25% af mánaðarlaunum í stað 1% krafa er um að vinnuvika verði 38 stundir í stað 40.

Krafa er um að laugardagar verði ekki taldir sem orlofsdagar, um orlofsframlag($\frac{1}{2}$ mánaðarlaun) og um 6 mán. barnsburðarleyfi.

Ekki verður krafa um verkfallsrétt með, en skoðanakönnun verður meðal félagsmanna í september. Er afar brýnt að baráttusinnar veki upp sem öflugastan stuðning við fullan verkfallsrétt aðildarfélaga BHM.

SPYRJA Á FÉLAGANA

Í fréttabréfi BHM segir formaður launamálaráðs að ekki hafi verið efnt til félagsfunda um kröfurnar vegna þess að ágreiningur sé ekki í 30-40 manna launamálaráði og nokkurra manna félagsstjórnum. Sannarlega umboðsvíðir fulltrúar í BHM!

Félagsmenn gátu þó gert athugasemdir til skrifstofu BHM fyrir 20. júlí. Undirritaður fékk fréttabréfið þann 25.

Er ekki kominn tími til beittari og lýðræðislegri vinnubragða í BHM ?

Fréttaritari.

2000 manns handteknir

Í öðrum skýrslum kemur fram , að öryggissveitir í Ísrael hafa handtekið 2000 manns á tímabilinu mars 1978 til mars 1979, og upprætt 140 hópa skæruliða. En af þessum 140 hópum, höfðu 100 enn ekki framkvæmt sína fyrstu hernaðaraðgerð , og vopn fundust aðeins hjá 30 hópum. Tilraunir öryggissveitanna til að láta líta út fyrir að vel gangi í baráttunni gegn skæruliðum falla um sjálfar sig - staðreyndin er sú, að hernaðaraðgerðir skæruliða sl vetur skiptu hundruðum og að öryggissveitirnar hafa ekki upprætt nema brot af virkum skæruliðum innan Ísrael.

600„ólöglegar" mótmælaaðgerðir

Skv. fréttum frá Ísrael, hafa hernámsyfirvöld á Vesturbakkanum þurft að kljást við 600 "ólöglegar" mótmælaaðgerðir sl. vetur. Um ein milljón Palestínumanna býr á herteknu svæðunum (Vesturbakkanum og Gaza), og daglega berast fréttir af skemmdarverkum, verkföllum, mótmælagöngum og uppþotum. Yfirvöld hafa gripið til margvíslegra aðgerða til að stemma stigu við þessu en án verulegs árangurs. Aðgerðir hernámsyfirvalda eru einkum eftirfarandi: 1) Að loka heilu bæjunum og flóttamannabúðunum og setja á útgöngubann og koma þannig í veg fyrir að íbúarnir fái mat og aðrar nauðsynjar svo dögum skipti. 2) Að sprengja í loft upp heimili þeirra er yfirvöld gruna um stuðning við PLO. Fjölmargar fjölskyldur hafa á þennan hátt

Frh. á bls. 6

Styrkið EIK (m-l) giró 57070 - 2

Ritstjórnarskrifstofa er á Baldursgötu 7A, sími 28962 Opin þriðjudaga frá kl. 5—7 síðdegis



Olíukreppan er ekki innflutt í auðvaldsskipulagið

VANDINN ER Í AUÐVALDS-SKIPULAGINU.

Kreppa sú sem kennd er við olíu á sér fyrst og fremst rætur í því að auðvaldið skipuleggur þjóðfélagskerfi sitt með gróðann einan að markmiði. Þegar einhver skrúfar fyrir og neitar að láta auðvald iðnvæddu landanna dæla frá sér tilverugrundvellinum, þá skellur á flóðalda erfiðleika. Þessir erfiðleikar standa þar til auðvaldinu hefur tekist að finna nýjar leiðir til þess að viðhalda gróðanum.

Tökum lítið og einfalt dæmi. Um langan tíma sugu erlendir lífsgrundvöll íslendinga, fiskistofnana. Í gegn um harða baráttu og stríð tókst okkur að fleygja þessum útlendu ræningjum á brott. Vissulega ollu aðgerðir Íslands margvíslegum erfiðleikum í ákveðnum útgerðarbæjum í Bretlandi og V-Þýskalandi og víðar. Værum við hér á Íslandi sátt við að vera útnefnd aðalorsakavaldur að erfiðleikum í Bretlandi. Nei. Aðgerðir okkar voru réttlátar og nauðsynlegar, líka séð út frá sjónarmiði þeirrar alþýðu í Bretlandi, sem málið snerti

AÐ ALLIR TAKI Á SIG BYRÐAR ÞÝÐIR AÐ ALÞÝÐAN ER LÁTIN BERA ÞÆR.

Eins og einradda kór kyrjar auðvaldið að olíkreppan sé óháð þjóðfélagsskipaninni, þ.e. auðvaldsskipulaginu. Þessi vandi snertir þjóðina alla jafnt, stendur í textanum. Því skulu allir fá að bera byrðar svo koma megi þjóðinni yfir hjallann. Hvað er að gerast? Jú, almenningur borgar hærra verð fyrir olíu og bensín, en stór hluti atvinnurekstrar, útgerðin, er friðuð við það, þar er allt greitt niður. Rökin? Jú, útgerðin er svo nauðsynleg fyrir þjóðina. Er ekki ljóst að með þessari endaleysu er flett ofan af því að olíuvandinn snerti alla þjóðina jafnt? Hvað þýðir líka allt tal ráðamanna um kjarastöðnun (sem er reyndar kjararýrnun)? Þýðir það kjararýrnun fyrir auðherra? Hafa tekjur þeirra minnkað?

Enn er komið að sama kjarnanum. Þegar skrúfað er fyrir gróðann til auðvaldsins á einum stað eru fundnar leiðir til þess að ná í gróða á öðrum stað. Á meðan á þessu stendur kallast ástandið vandi og hann er gjarnan látinn líta svo út að hann snerti alla jafnt. Ríkir og fátækir, atvinnurekendur og launafólk - allir skulu bera byrðar. Sumir bera þó minni en aðrir og sumir ekki neitt, og sá sem mest ber er ævinlega alúðginn á meðan hann engu ræður.

Rökrétt svar alþýðu við olíuvanda og öðrum kreppum sem skjóta upp kolli í auðvaldsskipulaginu er að auðvaldið sjálft beri sinn eiginn vanda - sinn eiginn bagga.

PENINGAR ERU TIL.

Það er talað um upphæðir í sambandi við lausn olíuvandans. Þessar upphæðir eru til og liggja á lausu ef vilji er fyrir hendi að taka þær. Hvað með að selja svo sem 10 skuttogara (ef þá einhver vill kaupa) úr landi. Ekki ætti þeim sem eftir eru að veitast erfitt að sækja þau tonn af fiski sem veiða má án þess að gengið sé of nærri stofnunum. Hvað með að senda Álverið heim og nota orkuna til hluta þarfari okkur? Hér skal ekki gert annað en nefndir þeir miljarðar sem fara í lúxus, bíldreka, villur og alskyns punt, sem auðherrar skreyta sig með. Nóg er af peningum - spurningin er bara í hvað þeir eru notaðir og aftur er það spurning um það hverjir halda á þeim og valdakerfi þjóðfélagsins.

Björn

Noregur býður ...

Frh. af forsíðu

háttað, og þá mun Ísland koma inn í myndina á sama hátt og önnur lönd sem stunda veiðar á þessu hafsvæði", sagði Raasok.

LOÐNAN OG NORÐMENN SAMNINGSAÐILI.

Loðnan mun hafa mikil áhrif í deilu Noregs og Íslands. Lítill loðnustofn mun verða til þess að pressa Ísland til þess að viðurkenna grundvallarrétt Noregs til þess að setja upp 200 mílna lögsögu við Jan Mayen. Sé loðnustofninn stór, þá má alls ekki búast við því að Ísland samþykki kröfur norðmanna. Tilvist meira en 100 sovéskra fiskiskipa á svæðinu við Ísland hefur líka áhrif á afstöðu Íslands.

HVORUGUR GEFUR EFTIR.

Það að Ísland hefur ekki gefið eftir og viðurkennt rétt Noregs til að setja upp 200 mílna lögsögu er vegna þess að Íslendingar hafa ekki séð þess nein merki að norsk yfirvöld muni veita Íslandi sérskilyrði umfram önnur lönd þegar farið verður að ræða um skömmtun veiðiheimilda innan fiskveiðilögsögu

Flugleiðir

Gróðinn er eina markmi

Risi á okkar mælikvarða

Flugleiðir er eitt stærsta fyrirtæki landsins með um 1900 manns í vinnu og ársveltu að upphæð 27,7 milljarðar kr 1978. Fyrirtækið er hluti einokunarauðvalds sem ræður um 90% flugþjónustu innanlands og til og frá landinu. Þræðir þess liggja inn í ríkisbankana, önnur fyrirtæki og til fyrirtækja erlendis. Stjórn og hluthafar Flugleiða mynda þessi tengsl

Af ársveltu Flugleiða 1978 (27,7 milljarðar kr) greiddi fyrirtækið 5,6 milljarða kr í laun.

Ekki á nástrái

Flest bókhaldsár hafa Flugleiðir (eða félögin tvö áður) sýnt bókfærðan heildargróða (tekjuafgang). Þá er búið að draga frá vaxtakostnað, afskriftir, lúxuskostnað yfirmanna, fyrningar, fjárfestingarfé o.s.frv. En allir þessir milljarðar eru fengnir sem ágóði af starfseminni - þ.e. hreinar tekjur að frádtöldum almennum reksturs- og fastakostnaði. Vinna starfsmannanna skapar þessi verðmæti - þennan hreina ágóða. Það er því ljóst að þótt tekjuafgangur á reikningum sé lítill eða jafnvel enginn, þá hefur stórfellt arðrán átt sér stað. Og vitnisburður þess eru eignir Flugleiða (hús, flugvélar, tæki o.fl.) og góðlífi toppanna í fyrirtækinu. Hvorugt verður til af sjálfu sér.

Þessi hreini ágóði er markmið fyrirtækisins eins og allra fyrirtækja. Þjónustan er starfsemin sem fyrirtækið starfar að en ekki æðsti tilgangur þess - hvað svo sem menn láta í veðri vaka. Og Flugleiðir eru þarft fyrirtæki, en látum það ekki hjúpa kjarna málsins: Flugleiðir hafa eflst og vaxið með því að greiða starfsfólkinu aðeins lítinn þess sem það sjálft skapar með vinnu sinni. Fyrirtækið hefur aldrei verið á neinu nástrái.

1978: Ágóðinn minnkar

Árið 1978 var Flugleiðum erfitt. Ein flugvél fórst og tryggingafé bætti ekki allt raunverulegt tjón af völdum slyssins. Olía hækkaði mikið í verði. Nú í ár hækkar olía enn og DC-10 vél Flugleiða var kyrrsett. Allt þetta og meira til hefur leitt til minnkandi ágóða. Með því að reikna að fullu óbeint tap vegna missis vélarinnar í fyrra skráðu Flugleiðir um 3 milljarða kr tap 1978.

Viðbrögð Flugleiða-toppanna eru sígild: Til þess að reyna að varðveita heildargróðann er gripið til hagræðingar og sparnaðarráðstafana. Sigurður Helgason sagði á blaðamannafundi í lok júní: "Markmið ráðstafana er aukinn sparnaður, hagkvæmni og aukning tekjuöflunar.

Óhugnaður auðvaldsins



Er það lýðræði, að skipafélögin ráði aðflutningi til landsins? (Mynd:Verkalýðsblaðið)



Er það lýðræði, að níu einsta

Við viljum ra

Orðið lýðræði þýðir einfaldlega það að lýðurinn ráði, þ.e. venjulegt fólk, ekki bara burgeisar og forstjórar og þeirra líkar. Efnahagslegt lýðræði er mikilvægast. Það er réttur hins óbreytta manns til að ráða yfir þjóðarframleiðslunni, afurð vinnu sinnar. Auk þess viljum við að vinnandi fólk sé herra á sínum vinnustað, en ekki alls kyns stjórar, sem eru eingöngu skipaðir að ofan.

Við aðhyllumst trúfrelsi, prentfrelsi og skoðanafrelsi, mannréttindi sem hvergi eru svo fótum troðin sem í Austur-Evrópu. Við teljum sósíalískt þjóðskipulag í anda Maós Zedongs (Maós Tse-tungs) tryggja raunverulegt lýðræði best.

Stundum heyrast raddir, sem segja að íslenskt efnahagslíf sé komið í ógöngur vegna of mikils lýðræðis og vilja fá sterka einræðisstjórn. Er fólk búið að gleyma Hitler og Francó?

Hverju ræður almenningur á Íslandi?

Við kjósum flokka og menn á þing út á loforð um einstaka mál og fæst þeirra eru efnd. Við höfum lítil tök á að veita þeim aðhald. Þar fyrir utan ráða þingmenn ekki svo ýkja miklu í krafti þingmennskunnar, ekki nema þeir hafi einhverjar valdasöður utan þingsins.

Flestar ákvarðanir, sem skipta okkur og börn okkar miklu máli eru teknar af mönnum, sem við höfum aldrei átt kost á að kjósa. Æðstu embættismenn ríkisins eru skipaðir eða ráðnir æfilangt af ráðherrum eftir tillögum frá öðrum háttsettum embættismönnum og valdaklíkum þingflokkanna. Stjórnarmenn og forstjórar stórfyrirtækjanna eru valdir á fámennum klíkufundum. Varð einhver var við að hafnarverkamenn eða farmenn væru spurðir álits þegar nýr forstjóri Eimskips var valinn á dögunum?

Hver bað um Kröflu?

Það voru einmitt stórlaxar, sem hrundu Kröfluævintýrinu af stað á sínum tíma. Vill kannske einhver halda því fram, að vilji almennings hafi ráðið úrslitum þar?

Hver borgar svo Kröfluævintýri þessarra háu herra? Þeir sjálfir? Nei, öðru nær. Almenningur fær að borga það með beinum og óbeinum sköttum og ótrúlega háu raforkuverði. Okkar hlutverk er að afla verðmæta, en þeirra að ráðstafa þeim. Þetta fyrirkomulag er meginuppspretta allrar vitleysunnar í þjóðfélaginu í dag.

Ríkið og stórfyrirtækin

Ríkið er valdamesta stofnun þjóðfélagsins, en í humátt á eftir því koma stórfyrirtækin. SÍS státar af því að félagsmenn samvinnuhreyfingarinnar séu tugir þúsunda. En hversu margir þeirra ætli að ráði nokkru um það, hvernig hinum gífurlegu auðæfum SÍS og kaupfélaganna er ráðstafað? Varla miklu fleiri en hundrað og líklega ráða tíu þeir valdamestu meiru en hinir 90 til samans (þessar tölur eru ágiskun, hérna er verðugt verkefni fyrir einhvern að rannsaka).

Þótt hluthafar í Flugleiðum og Eimskip skipti þúsundum ráða þar örfáir menn því, sem þeir vilja ráða, að nokkru leyti sömu mennirnir í báðum félögunum. Þeir hafa góð tengsl við ráðamenn ríkis og banka og vilja nú efla ábyrgð ríkisins á gróðasöfnun sinni og útþenslu með því að láta ríkið kaupa nær helming hlutafjárins.

Hvað gagnar þá þjóðnýting

Töframeðal Alþýðubandalags-

iðið

Af margvíslegum "sparnaðarráðstöfunum" eru uppsagnir um 200 manna þær sem vekja mesta athygli. Gróflega reiknað eru árslaun þessa hóps 600 - 800 milljónir kr. Sá sparnaður er liður í að vinna upp ágóðann á ný, - sparnaður sem byggir á því að svifta 200 manns lifibrauði sínu og senda þá útí óvissuna. Kapitalisminn þrífst á því að kaupa og gjörnýta vinnuafl og kasta því síðan þegar hagur hans býður svo. Ábyrgð fyrirtækjanna á vinnandi fólki er enginn.

Fjármagnið er til

Á meðan reikningar Flugleiða sýna tap, sést að fyrirtækið fjárfestir vítt og breytt. Keyptar eru flugvélar á kaupleigusamningum og ákveðin er stækkun á Hótel Esju sem kostar hundruð milljóna króna. Og síðast en ekki síst: vegna þess að arðsemi reksturs Flugleiða er meiri erlendis en hérlendis er verulegt fjármagn flutt út úr landinu. Flugleiðir auka umsvif sín í Luxemburg og víðar fyrir fjárhæðir sem eru áreiðanlega hærri en sem nemur "sparnaðinum" af uppsögnunum hér heima.



Dragið uppsagnirnar til baka!

Einingarsamtök kommúnista (marx - lenínista) beita sér fyrir baráttu gegn kreppuráðstöfunum fyrirtækja og ríkisvalds.

EIK(m-l) fordæma uppsagnir Flugleiða og krefjast þess að þær verði dregnar til baka. Flugleiðum og ríkisvaldinu ber að tryggja fé með framlögum eða stöðvun fjármagnsútflutnings til að tryggja stöður allra sem vinna hjá Flugleiðum.

Ríkisvaldið á um 20% hlutafjár í Flugleiðum og taldi ekki eftir sér að hlaupa undir bagga með fyrirtækinu þegar samruni Loftleiða og F.Í. varð að veruleika. Ætlar "vinstri alþýðustjórnin" að horfa upp á uppsagnirnar þegjandi og aðgerðalaus ?

EIK(m-l) hvetja stafsfólk Flugleiða og alla þá sem taka málstað vinnandi fólks til að snúast gegn uppsögnunum.

Illugi skrifar — Um málfrelsi

Frá sýningu Alþýðuleikhússins á "Blómarósum" eftir Ólaf Hauk Símonarson. (Mynd:Alþýðuleikhúsið)

Frelsi er stórt orð, enda er það mælt í peningum hér í þessum heimshluta.

Við fengum áminningu um þessa staðreynd á laugardaginn var, þegar Málfrelsissjóður hélt SAMkomu til styrktar Sigurði A. Magnússyni rithöfundi. Frelsi hans til að segja meiningu sína um Varið land og þá fríðu sveit sem að því stóð, var nýlega metið til fjár af Hæstarétti. Reikningurinn hljóðaði upp á eina milljón króna í miskabætur og málskostnað.

Hér gerist það hlálega að lítill Málfrelsissjóður styrkir stóran málfrelsissjóð- verjendur málfrelsis neyðast til að styrkja niðurrifsmenn málfrelsis, málfrelsissjóð peningavaldsins.

Laugardagurinn var bjartur og fagur, því miður liggur manni við að segja, og Austurbæjarbíó langt frá því hálfsetið. Svo kannski er ástæða til að minna á, að Málfrelsissjóður hefur aðsetur að Laugavegi 31 og þarf á stuðningi þínum að halda.

Fleiri en SAM finna til þess daglega að tjáningarfrelsið kostar peninga. Minna en skyldi er hrópað um það á torgum við hvílíkar aðstæður og af hvílíkri fórnfýsi. Alþýðuleikhúsið heldur uppi blómlegri starfsemi og gefur borgarbúum af list sinni. Sú staðreynd að starfsemin er blómleg, er ekki því að þakka að leikhúsið þarf að greiða þrjá fjórðu úr milljón mánaðarlega í húsaleigu fyrir sal sem þarf að rýma tvisvar í viku, og það svo fullkomlega að vart sést á eftir að þar fari annað fram en spilakvöld. Ekki bætir það fjárhagsstöðuna að salurinn rúmar aðeins hálft annað hundrað í sæti. Þeir borga ekki miða sem koma að uppseldu.

Ekki er þar með sagt, að þeim verkalýðsfélögum sem yfir Lindarbæ ráða, sé skylt að styrkja Alþýðuleikhúsið. Þeirri kröfu skulum við beina í aðra átt og verðugri.

Nú hefur Alþýðuleikhúsið snúið sér til borgaryfirvalda varðandi fyrirgreiðslu, síðast með ósk um að fá inni í gamla Sigtúni við Austurvöll með starfsemi sína. Þar er nú mötuneyti Pósts og síma.

Borgaryfirvöld hafa ekki virt leikhúsið svars, þegar þetta er ritað.

Vart er við öðru að búast en að saman geti farið andleg og líkamleg fóðrun í sama húsnæði, leikhús og matmálstímar eru ekki samfallandi og Alþýðuleikhúsfólk orðið Íslandsmeistarar í að færa til stóla.

Svo fleiri en ég mættu spyrja, hvað veldur hiki og þögn borgaryfirvalda.

En sem fyrr er sagt, þá eru peningar mælieining frelsisins hér á ísa köldu landi. Málfrelsissjóður peningavaldsins sinnir ekki umsóknum frá hverjum sem er.

Illugi.



lingar ráði ríkisvaldinu. (Mynd:stolin)



Er það lýðræði, að örfáir atvinnurekendur ráði kjörum fólks? (Mynd:Verkalýðsblaðið)

unverulegt lýðræði

ins gegn ofurveldi stóru auðfélaganna er að ríkið taki yfir rekstur þeirra. Þó ekki SÍSinn og Eimskip, því þeir halda því fram að almenningur ráði þeim. En hverjir trúa lengur á slíka skottulækningu? Hver trúir því,að vald alþýðunnar yfir olíufélögunum muni vaxa við það að ríkið taki yfir rekstur þeirra?

Landsvirkjun hefur frá upphafi verið í eigu ríkisins og Reykjavíkurborgar. Landsvirkjun selur orku til heimilishalds, landbúnaðar og smáframleiðenda á allt að 25 sinnum hærra verði en til álversins og járnblendiverksmiðjunnar. Hefur almenningur beðið um það? Nei, öðru nær, enda ræður alþýðan ekki Landsvirkjun, heldur menn eins og Jóhannes Nordal, Einar Ágústsson og Birgir Ísleifur Gunnarsson, sem sitja í stjórn Landsvirkjunnar.

Verkalýðshreyfingin og lýðræðið þar

Verkalýðshreyfingin er lítið skárri en ríkið og stórfyrirtækin. Þrátt fyrir tugi þúsunda félagsmanna, sem greiða reglulega sín félagsgjöld, þá ráða fáeinir menn þar mestu. Þar á ofan bætist svo, að valdamestu menn hreyfingarinnar hafa náin pólitísk og jafnvel efnahagsleg tengsl við ráðamenn ríkisins og stóru auðfyrirtækjanna. Þeir hafa meiri áhuga á valdbrölti og auðsöfnun þessarra aðila (og sinna eigin) heldur en því, hvort verkafólk geti lifað af dagvinnukaupinu. Og svo er reynt að telja okkur trú um að þetta sé lýðræðisþjóðfélag. Þvílíkt öfugmæli.

Ef við skyggnumst út fyrir landsteinana –

Þá getur víða að líta enn þá voðalegri hluti en hér heima. Vont var ástandið í Þýskalandi á tímum Hitlers. Og ekki er það beisið í Rússlandi og leppríkjum þess. Sömu sögu er að segja um hin fasísku leppríki Bandaríkjanna í Mið- og Suður-Ameríku og víðar. Blóði fátækrar alþýðu Víetnams og Kampútseu er úthellt í óhugnanlegum mæli þessa dagana vegna þess að stjórnvöld Víetnams hafa yfirgefið málstað alþýðunnar og stjórna eftir uppskrift frá fámennri yfirstétt Sovétríkjanna. Þar er nú ekki lýðræðinu fyrir að fara.

Þrátt fyrir allt þetta –

þá skulum við ekki falla í gryfju bölsýnis og vonleysis. Alþýðan um heim allan er að vakna og efla samtök sín. Fordæmi Kínverja við að byggja upp og efla völd alþýðunnar hefur verið mörgum hvatning.

Um allan heim er verið að safna liði gegn einræði, þrælahaldi og morðum. Keisarinn í Íran féll í vetur og Somosa, einræðisherra í Nicaragua, er rétt nýflúinn til Bandaríkjanna. Bandaríska heimsveldið smá liðast í sundur, en því miður fitnar það sovéska á hræi þess enn sem komið er.

Við hérna uppi á Íslandi þurfum að herða okkur. Öll sjáum við ósómann hvarvetna og skynjum meira eða minna hættuna á auknum átökum milli heimsvaldarisanna tveggja, sem hæglega gætu náð til okkar friðsæla lands. Barátta okkar gegn afturhaldi og yfirgangi er upp á líf og dauða.

Hvað eigum við að gera, þú og ég, lesandi góður?

Okkur vantar styrkari samtök og árangursríka stefnu sem við getum sameinast um, ekki satt ? Við þurfum að vera mörg og samtaka til að eitthvað vinnist. Heldurðu ekki, að við gætum notað EIK(m-l) og Verkalýðsblaðið sem tæki í þessari baráttu? Kannske hittumst við á sumarbúðunum um verslunarmannahelgina til að átta okkur betur á þessu. Ef ekki þar, þá síðar við annað tækifæri. Hittumst hress.

Eikari.

– þjóðfélagsvöld í hendur almennings

LÖND VILJA SJÁLFSTÆÐI – ÞJÓÐIR VILJA FRELSI – ALÞÝÐAN VILL BYLTINGU

Sendiherra Kampútseu hjá Sameinuðu Þjóðunum, Thiounn Prasith, ávarpaði ráðstefnuna og svaraði spurningum. Hann sést hér lengst til vinstri, en við hlið hans situr Dan Burnstein ritstjóri bandarísku blaðsins THE CALL. Næstur honum er sænski rithöfundurinn Jan Myrdal. (Mynd: Verkalýðsblaðið)

Kampútseuráðstefna til stuðnings baráttunni

Stuðningsstarf við baráttu Kampútsana hefur nú skotið rótum víða um heim.

Nýlega var haldin í París ráðstefna með því markmiði að efla þessa baráttu. Þar mættu fulltrúar frá 20 löndum, allt frá Íslandi til Bangla Desh, og þinguðu í tvo daga.

Ráðstefna þessi var liður í víðtækara starfi til stuðnings baráttunni í Kampútseu og setti hún sér að undirbúa aðra ráðstefnu í haust sem yrði stór í sniðum og áhrifameiri. Markmiðið er að gera stuðningsstarfið öflugt og víðtækt, og það sterkt, að það eigi sinn þátt í að neyða Víetnama til að hverfa með lið sitt frá Kampútseu.

Parísarráðstefnan ákvað að meginkröfurnar snérust um tafarlausa og skilyrðislausa heimkvaðningu víetnamska herliðsins og að fullveldi og sjálfstæði Kampútseu yrði virt til þess að þjóðin fengi að ráða sínum málum sjálf.

Ávarp ráðstefnunnar er gert með það í huga að ná víðtækri samstöðu gegn hernámi víetnama, segir þar m.a.:"Þrátt fyrir mismunandi skoðanir okkar að öðru leyti sameinumst við um að fordæma hrottalegt hernám Kampútseu af hálfu Víetnam....."

Hinar ýmsu hugmyndir um innanlandsástandið eftir sigurinn í þjóðfrelsisstríðunum 1975 og fram að innrás Víetnam í desember 1978 eru ekki teknar til umfjöllunar á þessum vettvangi–enda er sjálf tilvera þjóðarinnar í húfi. Megin málið er að Kampútsanar nái að ráða sínum málum án erlendrar íhlutunar.

Ríkisstjórn Kampútseu (undir forsæti Pol Pot)hefur ákveðið að kosningar fari fram undir eftirliti Sameinuðu þjóðanna eftir að hernámsliðið hefur haldið til síns heima. Hefur hún þar með gengið til móts við þá sem hafa efasemdir um stjórnarstefnu hennar og fylgi þjóðarinnar.

ÍSLAND.

Tveir fulltrúar frá Íslandi sátu ráðstefnuna. **Skýrðu þeir frá því að** ekkert skipulagt stuðningsstarf væri hér enn þótt nokkrar þreifingar hefðu átt sér stað í þá áttina.

Ljóst er að íslenskir and-heimsvaldasinnar geta ekki látið sinn hlut eftir liggja í þessu máli ef þeir vilja standa undir nafni. Hernám Víetnama hefur nú þegar kostað hátt á annað hundrað þúsund Kampútsana lífið og eyðileggingin er geysileg.

Á næstunni mun verða haldinn fundur þar sem skýrt verður frá málum Kampútseu og m.a. sýnd kvikmynd sem gerð var stuttu fyrir innrásina. Sá fundur verður notaður til þess að ræða starfið framundan og til þess að skipuleggja kraftana. Nánar verður þetta auglýst síðar.



Þorsteinn Helgason, annar Íslendinganna, sést hér á tali við Mol Men. Hann er formaður félags þjóðhollra Kampútsana sem eru búsettir í Frakklandi. (Mynd: Vbl.)

Barátta Palestínu ...

Frh. af bls. 3

misst allar eigur sínar og hafnað í fangelsi vegna gruns eins saman. 3) Hundruð námsmanna hafa sætt pyntingum og verið varpað í fangelsi fyrir þátttöku í mótmælaaðgerðum og fyrir að lýsa yfir stuðningi við málstað þjóðar sinnar. 4) Yfirvöld taka stöðugt meira palestínskt land eignarnámi, og ýta undir landnám Gyðinga á herteknu svæðunum.

– Vaxandi barátta Palestínumanna sýnir, að þeir herðast við hverja raun, og að kúgunin vekur upp vaxandi andstöðu.

Leiðtogi myrtur

Er blaðið var að fara í prentun bárust þær fréttir að einn æðstu yfirmanna PLO, Zuhair Mohsen leiðtogi Saika – samtakanna, hefði verið myrtur af útsendurum Ísraels í Frakklandi. Þessi atburður sýnir að hryðjuverkamenn Ísraels svífast einskis. Kúgun innan Ísraels, hömlulaust ofbeldi gagnvart íbúum herteknu svæðanna, hernaðarárásir á Líbanon og morð á leiðtogum PLO í öðrum löndum – allt sýnir þetta okkur hverjir eru hinir raunverulegu hryðjuverkamenn fyrir botni Miðjarðarhafs. Verkalýðsblaðið og EIK(m-l) fordæma morðingjana, en eru þess fullviss að réttlæti palestínskrar alþýðu mun að lokum ná yfir þá.

Íran: Khomeini gagnrýnir Sovétríkin

Trúarleiðtogi Írans, Ayatollah Khomeini, gagnrýndi Sovétríkin harðlega 13. júní sl. fyrir íhlutun í Afghanistan. Hann gaf einnig í skyn að Sovétríkin væru að vopna sér hliðholla menn innan Íran. Þetta gerðist á fundi með sovéska sendiherranum í borginni Qom. Sendiherrann hélt því fram að hin Sovét-hliðholla stjórn í Afghanistan "væri að reyna að hjálpa fátækum og þurfandi mönnum". "Mér virðist þú ekkert vita um það sem raunverulega er að gerast þar" svaraði Khomeini.

Úr erlendum blöðum

"Íhlutun Rússa í Afghanistan snertir Íran líka. Við viljum að Rússland hætti afskiptum af innanríkismálum í Afghanistan".

The Forge, nr. 23 1979.

Austurríki: Alþjóðleg ráðstefna um risaveldin

Á sama tíma og Brésnef og Carter ræddu um Salt II samkomulagið í Vínarborg í Austurríki, gengust marx--lenínísku samtökin í landinu, Kommunistische Bund Österreichs, fyrir alþjóðlegri ráðstefnu um risaveldin, stríðshættuna, og hinn falska frið Salt-samkomulagsins. Ráðstefnuna sóttu fulltrúar marx-lenínískra samtaka og flokka víða úr Evrópu. Þar voru haldnar ræður og upplýsingum dreift. Ráðstefnan vakti mikla athygli í Austurríki, og hlaut stuðning fólks um allt land. Fyrirhugað er að gefa út ræður þátttakenda.

Klassenkampf, nr. 25 1979.

Nicaragua: Hinar sönnu hetjur eru alþýðumenn

Stjórnmálaskýrendur víða um heim stóðu á gati er þeir áttu að skýra hver væri heilinn á bak við hernaðaraðgerðir Sandinista. Hver skipulagði árásina á þinghúsið í ágúst í fyrra, þar sem 1000 einkaþingmenn Somoza voru teknir í gíslingu, og Somoza varð að sleppa úr haldi hundruðum pólitískra fanga og greiða hátt lausnargjald? Hver stjórnaði sókninni sem ruddi einræðisherranum burt? "Commandante Cero" svöruðu Sandinistar og brostu. Nú vita allir hver hann er: Hans rétta nafn er Eden Pastora, og hann er 41 árs gamall. Allt þar til í fyrra var hann fátækur fiskimaður, sem þekkti ekki önnur vopn en net og öngla. Það kom strax í ljós eftir að hann gekk til liðs við Sandinista, að hann var frábær skipuleggjandi og hugmyndasmiður í herstjórnarlist. Hann gjörþekkir líf alþýðunnar og er eldheitur föðurlandsvinur. Hann er fiskimaðurinn sem sigraði herráð Somoza og hundruð Pentagon-ráðgjafa.

Eden Pastora

Klassekampen, nr. 138 1979.

V-Þýskaland: Nasistar færast í aukana

Í skýrslu frá innanríkisráðherra V-Þýskalands, Gerhart Baum, sem út kom nýlega, kemur fram að nasistar í Þýskalandi hafa færst mjög í aukana á undanförnu ári. Sem dæmi má nefna: 52 hryðjuverk á árinu 1978, bankarán, árásir á vopnageymslur þýska hersins, ólöglegar æfingar í meðferð skotvopna og sprengja, og árásir á Gyðinga og erlenda verkamenn. Alls er vitað um 992 lögbrot nasiskra samtaka á árinu 1978. Skv. skýrslu ráðherrans eru 24 nasistasamtök í landinu, auk 52 öfgasinnaðra hægri hópa, sem ekki opinberlega dýrka 3. ríkið. Ráðherrann telur 17600 meðlimi vera í hópum þessum, en 2 vikublöð nasista eru gefin út í yfir 100.000 eintökum vikulega. Ráðherrann varar við starfsemi nasistanna, en það er einkennileg þversögn, að stuttu eftir útkomu skýrslunnar beitti stjórnin skriðdrekum til að verja flokksþing nýnasista í Frankfurt fyrir 40.000 andnasistum.

Tekið saman úr Rote Fahne, apríl-júlí 1979.

Bandaríkin: Innrás í olíuríkin undirbúin

Bandaríkin eru vel á veg komin með undirbúning áætlunar um hugsanlega hernaðaríhlutun í olíuríkin í Mið--Austurlöndum – "verði hagsmunum Bandaríkjanna ógnað". Það var Harold Brown, varnarmálaráðherra, sem upplýsti þetta á dögunum. Skv. áætluninni eiga 100.000 hermenn að geta komið í slaginn með stuttum fyrirvara, en 40.000 þeirra eiga ætíð að vera reiðubúnir. Hann upplýsti enn fremur, að allt frá 1973 hefðu Bandaríkin haft 11.000 manna herlið, sérstaklega þjálfað í eyðimerkurhernaði og hertöku olíumannvirkja. Samkvæmt heimildum í Bandaríkjunum skaut byltingin í Íran ráðamönnum þar fyrir vestan slíkum skelk fyrir bringu, að ákveðið var að byggja upp "olíuherinn" með forgangshraði.

Klassekampen, nr. 144 1979.

SKERFUR LESENDA

Almenn gagnrýni á Verkalýðsblaðið

Þeir sem hljóta þau örlög öreigans, að verða að selja vinnuafl sitt, oft í yfir 50 klst/viku, útláta geysiorku. Allur tími utan vinnu fer í að endurnýja þessa orku, bæði líkamlega, og ekki síður andlega. Sem dæmi um hið síðara mætti nefna bíóferðir, sjónvarpsgláp, lestur dagbl. o.fl. Inn í þessa mynd kemur Verkalýðsblaðið. Séð með augum öreigans eru þetta tæki til þess að hverfa út úr niðurdrepandi púningu launaþrældómsins. Þau sýna tilveruna yfirleitt sem dans á rósum. Rósadans borgarastéttarinnar verður að fyrirmynd, veröldin gerð að hillingum, og þær síðan afgreiddar sem hið eina rétta. Gagnrýni er að vísu einhver, allt frá því að vera yfirborðskennd, dæmi Þjóðviljinn, niður í það að vera hverfandi, dæmi Morgunblaðið. Sem sagt, öreigastéttin upplifir sína drauma og sínar vonir í fjölmiðluninni, sem einungis eru tálsýnir, og geta þar af leiðandi aldrei orðið að raunveruleika.

Hlutverk Vbl.

Vbl. beinir sjónum sínum að öreigastéttinni og reynir að upphefja hana í sinni niðurlægingu, reyndar eina heiðarlega tilraunin til slíks á Íslandi. Stéttin fær tækifæri til að sjá sig sjálfa í nýju ljósi, í ljósi baráttu sinnar og hluta sem yfirleitt ber lítið á annars staðar í samfélaginu. Vbl. afgreiðir allt ríkjandi sem neikvætt, einnig þann hugmyndaheim fullan af borgaralegum fyrirmyndum og hillingum, sem virðist lífsnauðsynlegur fyrir öreigastéttina að geta endurnýjað andlega orku sína. Þarna virðist vera stór móthverfa á ferðinni, en síður er svo óleysanleg. Hvernig á Vbl. að upplýsa stéttina um sína pólitísku stöðu, og jafnframt vera þess umkomið að verða stór þáttur í andlegri endurnýjun vinnuaflsins. Lausnin á þessari móthverfu tel ég vera eitt aðalhlutverk Vbl., blaðið á að vera fyrir fjöldann. En Vbl. ætti ekki aðeins að leita til öreiganna, heldur einnig til ýmissa hópa fólks, sem gagnrýna það ríkjandi, á mismunandi hátt og mismunandi vel. Taka ber þessa gagnrýni, greina hana og greina rétt frá röngu, og tefla því rétta fram gagn hinu ranga. Ritstýra, en ekki ritskoða.

Gagnrýni og leiðir til úrbóta

Til að uppfylla kröfurnar um uppfræðsluna og andlegu endurnýjunina, er Vbl. allt of smátt í sniðum. 8 síður á ½ mán. fresti er lítið magn miðað við alla þá borgaralegu fjölmiðlun sem á sér stað á sama tíma. Vönduð vinnubrögð eru þeim mun mikilvægari við slíkar aðstæður en ella. Mikilvægt er að efni blaðsins taki mið af ½ mán. útgáfutíðni. Ekki dugar að gefa út blað á sömu tíðni, sem í **efnismeðferð og vinnslu virkar sem dagblað.** Greinar verða að vera vel ígrundaðar, engar yfirborðsröksemdafærslur, stefnur leiddar saman og þær smækkaðar niður í línubaráttu. Viðtöl eru góð aðferð við að tengja lesandann betur við efnið. Ekki má uppsetningin heldur vera yfirborðskennd. Góð mynd eða skreyting fylgi, frumheimildar sé getið í þyddum greinum, varast ber að helminga greinar niður á 2 blaðsíður með framhaldi, allt eru þetta atriði sem skipta **miklu máli.**

12. tölublað

Meginefni 12. tbl. er farmannaverkfallið. Efnislega er því gerð góð skil að mínu mati en uppsetningin er fráleg. Verkfallið er forsíðuefni. Í staðinn er á forsíðu vakin heilmikil athygli á raunsönnu eðli Alþýðubandalagsins. Greinin er að vísu ekki ótímabær í ljósi síðustu atburða innan AB, en hefði mátt ígrundast betur og hún tekur of mikið pláss. Uppsetningin á bls. 7 er ákaflega klaufaleg. Í sama ramma kemur grein um SA-Asíu og sumarbúðir Vbl.

Menningarefni, sú hlið Vbl., sem snýr að andlegri endurnýjun vinnuaflsins, hefur fengið afskaplega lítinn hluta af blaðinu. Menningarefni tel ég líka myndverk ýmiss konar og skreytingar. Afgreiðslan á "Blómarósum" var alls ekki neikvæð, aðeins allt of stutt. Viðtal við skáldið og/eða leikara hefði ekki skaðað. En sem sagt Verkalýðsblaðið mætti gera meira af því að skrifa út úr hýði sínu og athuga hvað er að hrærast meðal alþýðunnar á sviði listar og menningar, jafnvel þótt vitað sé að aðstandendur séu ekki 100% kommúnistar.

Að lokum, Verkalýðsblaðið eins og það er í dag er þó nokkuð frá því sem það gæti verið, miðað við sömu stærð og sömu útgáfutíðni.

Jón Ó.

Verkalýðsblaðið — af hverju ekki betra blað?

Það er í gangi umræða um Verkalýðsblaðið meðal félaga EIK(m-l). Ritnefnd hefur notað útgáfuhléið nú í júlí til þess að ræða mál blaðsins. Nú viljum við fá umræðu í Verkalýðsblaðinu um blaðið sjálft. Sjálfsagt er í mörg horn að líta og mörg gagnrýnisatriði, og einhverjir ljósir punktar.

Millistig

Útgáfutíðni blaðsins setur því verulegar skorður. Útgáfa á tveggja vikna fresti takmarkar möguleika blaðsins á að vera vakandi og virkt í sem flestum stærri baráttumálum. Útgáfa á tveggja vikna fresti setur blaðið á einhvers konar millistig milli blaðs og tímarits, þ.e. að erfitt er að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til Verkalýðsblaðsins sem lifandi málgagns. Þrátt fyrir þessa millistöðu er víst að hálfsmánaðarblaðið getur verið betra. Við teljum líka að stefna beri að tíðari útgáfu strax og tök eru á.

Röng efnismeðferð – rangt efnisval?

Er efnismeðferðin í Verkalýðsblaðinu röng? Er frágangur á því sem fjallað er um, á því formi að lesandi eigi auðvelt með að tileinka sér efnið?

Þeirri gagnrýni hefur verið stungið að okkur að efni blaðsins sé oft of fræðilegt og þungt-að það vanti léttara efni. Þá er líka gagnrýnt að það efni sem valið er til umfjöllunar sé í of litlum tengslum við það sem er að gerast á hverjum tíma.

Hvers konar blað?

Hverkonar blað á Verkalýðsblaðið að vera? Hefur Verkalýðsblaðið þróast í átt að því sem við þurfum á að halda í stéttabaráttunni á Íslandi?

Fyrsta skref okkar í umræðu hér í blaðinu ætti að vera líflég umræða um blaðið sjálft. Hlutverk blaðsins og stöðu nú eins og þetta snýr að lesendum þess. Ritnefnd mun taka þátt í þessum umræðum og leggja fram þær niðurstöður sem hún kemst að eftir því sem umræðan færist áfram.

Það eru ekki allir á eitt sáttir með Verkalýðsblaðið. Bæði félagar EIK(m-l), stuðningsmenn og aðrir lesendur hafa margir nokkuð ákveðnar hugmyndir um það hvernig blaðið ætti að vera, a.m.k. einhverjir þættir þess. Blaðinu sjálfu, samtökum okkar og baráttunni í heild er það nauðsynlegt að öll gagnrýni komi fram.

Formið á umræðuskrifunum

Ritnefnd hvetur til þess að skrifað sé stutt og skorinort. Langar greinar sem ætlaðar sem ætlaðar eru sem innlegg í umræðu, hafa tilhneygingu til að gera umræðuna þunglamalega og jafnvel virka til að stöðva hana. Ritnefnd leggur til að lengd greina miðist við að þær séu ekki lengri en 1-1½ vélritað blað (A4) eða 2-2½ handritað blað. Þegar lesendabréf fara yfir þessa viðmiðunarlengd, áskilur ritnefnd sér rétt til að stytta bréfin. Það er því betra að skrifa stutt en gera það oftar.

Ritnefnd.

Kampútsea ...

Frh. af forsíðu

því að taka inn fulltrúa þeirra afla sem hafa verið andsnúin stefnu hennar. Hann sagði einnig að eftir að

Nú stendur rigningartímabilið yfir í Kampútseu. Landið fer þá á flot og jarðvegurinn breytist í leðju og vatnavextir eru miklir. Við þessar aðstæður getur hið vélvædda innrásarlið Víetnama lítið hreyft sig - en skæruliðasveitir Pol Pot-stjórnarinnar ferðast um léttvopnaðir og gera sífelldar árásir.

Víetnamar hafa nú á sínu valdi um fjórðung landsins og hafa búið um sig með miklu liði og hergögnum. Og þótt hersveitir Kampútseana valdi þeim miklu tjóni og barátta andi Víetnamanna sé í lágmarki þá er ljóst að baráttan framundan verður erfið og langvarandi. Víetnamar hafa mikla yfirburði í vopnabúnaði og herafla auk þess sem þeim berast nýjar og nýjar vopnabirgðir frá Sovétríkjunum.

Thiounn Prasith, sendiherra Kampútseu hjá Sameinuðu þjóðunum, sagði í ávarpi sínu á Parísarráðstefnunni(sjá aðra grein í blaðinu) að víetnamski herinn hefði yfirgefið landið þá færu fram kosningar undir eftirliti Sameinuðu þjóðanna.

Víetnamar stefndu að því að útrýma þeirri þjóð sem nú byggði Kampútseu. Baráttan snérist því orðið um tilveru Khmera samtímis því sem að barátta þeirra gegn Víetnam og stuðningsmönnum þeirra, Sovétríkjunum, stuðlaði að öryggi annarra landa í SA-Asíu. Thailandsstjórn væri þetta ljóst og því veitti hún stuðning sinn í ýmsu formi.

1) Khmer Serei (frjálsir Khmerar) er hægrisinnuð hreyfing undir forystu eins af fyrrverandi ráðherrum Lon Nol. Hreyfingin hefur aðsetur sitt í Thailandi og hefur notið stuðnings CIA.

VERKALÝÐS BLAÐIÐ
Málgagn Einingarsamtaka kommúnista (marx-leninista)

Gerist áskrifendur
Áskrift greiðist á giró 12200-9

ÁBM: ALBERT EINARSSON
1 árs áskrift: kr. 3000
1/2 árs áskrift: kr. 1750
Til útlanda: kr. 5500
Stuðningsáskrift: kr. 5000
ÓÐINSGÖTU 30 Pósthólf 5186, Reykjavík, sími: 29212

Landsbókasafnið
v/ Hverfisgötu
lol Reykjavík

Jan Mayen — Sovétríkin græða á meðan Noregur og Ísland deila

Svo sem komið hefur fram í fréttum undanfarið, er stór sovéskur fiskiskipafloti við veiðar í nágrenni við Ísland. Er hér um að ræða flota um 100 veiðiskipa.

Veiðar í Barentshafi

Á undanförnum árum hafa Sovétríkin gert út mjög stóra fiskiskipaflota til veiða í Barentshafi. Í Barentshafi(sem er hafið norðan Skandinavíuskagans) eru bæði hrygningar- og uppvaxtarsvæði loðnu og þorsks. Hafa Sovétríkin í engu virt hvort sem er samninga við norðmenn eða alþjóðlegar reglur um fiskveiðar. Flotar Sovétmanna fara um hafið eins og ryksugur og sópa upp öllu kviku. sovéskir togarar sem teknir hafa verið við ólöglegar veiðar hafa reynst hafa ólöglega möskvastærð í trollum sínum. Í sumum tilfellum hafa sovésku togarasjómennirnir tekið það ráð að skera á vírana til þess að verða ekki teknir með slík ólögleg troll.

Nú er svo komið að fiskþurrð er að bresta á í Barentshafi. Norskir hafa því búist við að sovéski flotinn muni færa sig áfram til vesturs, til svæðisins umhverfis Jan Mayen.

Jan Mayen og 200 mílur

Það er ekkert vafamál að sovéskur fiskiskipafloti af þeirri stærð sem nú er kominn á miðin við Ísland/Jan Mayen, er kominn til þess að vera þar þangað til ekkert er þar meira að hafa.

Það er engin ástæða til þess að halda að Sovétmenn séu fáanlegir til þess að semja um einhvern minnihátt-ar kvóta og alls ekki til þess að hafa sig á brott. Þeir hafa haft það háttalag á slíkum málum áður að brjóta eða rifta samningum ef þeir fá ekki vilja sínum framgengt. Þess vegna er það lífsnauðsyn að Ísland og Noregur semji strax um hafsvæðið umhverfis Jan Mayen. Eina lausnin sem er bæði réttlát og hugsanleg að náist fram er sú að Ísland viðurkenni norskar 200 mílur umhverfis Jan Mayen og að Noregur viðurkenni lífshagsmuni Íslands af því að halda sínum 200 mílum óskertum, þ.e. geri ekki kröfu til þess að miðlína skipti hafinu þar sem 200 mílna mörkin mætast. Þetta er réttlát lausn á sameiginlegu hagsmunamáli. Með þessu eru Sovétmenn útilokaðir frá veiðum á stóru svæði, sem þeir ágirnast svo mjög nú eftir að þeir eru búnir að hreinsa Barentshafið.

Á meðan íslenskar og norskar sendinefndir sitja og deila étur Brésneff gnótt sína og glottir.



Teikning þessi eftir norska listamanninn "M" birtist í Klassekampen nýlega. Hún sýnir Knut Frydenlund, utanríkisráðherra Noregs, og fulltrúa Íslands (Benedikt Gröndal ?) sitja að samningum, á meðan Brésnef nagar undan þeim borðfót.

Fargjöld lækka — farþegum fjölgar

Hvað er gert til að hvetja til aukinna almenningssamgangna? Hækkað verð á fargjöldum er örugglega ekki hvetjandi. Það er mjög dýrt að ferðast á Íslandi, hvort heldur er innansvæðis á Reykjavíkursvæðinu eða milli staða og landshluta.

Það er nokkuð sami barlómurinn uppi á teningnum hér og víða erlendis, t.d. á Norðurlöndunum hvað varðar efnahag almenningssamgangna. Strætó er í bullandi tapi, flug og langferðir eru í tapi - allt að eigin sögn og skal það ekki vefengt hér. Verkalýðsblaðið vill samt benda á eina lausn, sem nú er verið að reyna í Svíþjóð.

27. júní lækkaði fargjald hjá sænsku járnbrautunum um helming. Sömuleiðis voru skipulagðar svokallaðar lággjaldalestir sem veita að auki 40% afslátt ef maður kaupir sérstakt árskort. Á tæpum mánuði höfðu meira en 100 þúsund manns keypt sér árskort í lággjaldalestirnar. Eftirspurnin eftir lestarsætum er nú svo mikil að panta verður með margra daga fyrirvara og það á leiðum sem áður voru lítið notaðar af farþegum.

Birger Karlkvist, upplýsingastjóri sænsku járnbrautanna segir að þessi aukning farþega sé miklu meiri en búist hafi verið við. Hann bendir á að þetta sýni að fólk kjósi miklu heldur almenningssamgöngur þegar slíkt komi hagkvæmar út fyrir það. Sænsku járnbrautirnar reikna með því að verði farþegaaukningin 25-30% þá gefi það af sér jafn mikið og meira en var á meðan háa verðið gilti.

Hvernig væri að forstöðumenn almenningssamgangna á Íslandi velti því fyrir sér hvort ekki borgi sig að lækka fargjöld,- og það kannski einmitt núna á orkukreppu-tímum. Hver veit nema draumur íhaldsins gamla um einstaklingshyggju og bílisma fari að sýna sig vera bara draumur.

Á að leggja 21.ágúst-hreyfinguna niður?

21. ágúst - afmæli sovésku innrásarinnar í Tékkóslóvakíu - nálgast. Undanfarin ár hafa aðgerðir til að minnast þessa atburðar verið í tvennu lagi - á vegum Samtaka herstöðvaandstæðinga og á vegum 21. ágúst-hreyfingarinnar. Útlit er fyrir, að aðgerðir verði aðeins einar í ár. Að minnsta kosti er komin fram tillaga um að leggja 21. ágúst-hreyfinguna niður. Sú tillaga verður rædd og afgreidd á liðsfundi 21. ágúst -hreyfingarinnar að Hótel Borg (turninn) fimmtudaginn 2. ágúst kl. 20. Dagskrá
1. Fréttir af SHA
2. Á að leggja hreyfinguna niður.

Einnig verður reynt að meta svolítið starf hreyfingarinnar í fyrra. Sem allra flestir, sem tóku þátt í starfinu í fyrra, eru hvattir til að mæta á liðsfundinn.

Farmannaverkfallið og EIK(m-l):

Við hefðum getað gert betur!

Verkfall farmanna var stöðvað með bráðabirgðalögum, en lögin stöðva ekki kjara- og réttindabaráttu sjómanna. En aðstæður krefjast breyttra baráttuaðferða, eins og farmenn hafa þegar tekið upp, þ.e. yfirvinnubanns og boðun verkfalls frá áramótum. Staða farmanna í verkfallinu var orðin veik. Þeir höfðu á móti sér alla borgaralegu stjórnmálaflokkana, alla stærstu fjölmiðlana og hatramman áróður nýju andlitanna í forystu Vinnuveitendasambandsins. Og það sem endanlega gerði stöðu þeirra vonlitla, var stríðsyfirlýsing ASÍ-forystunnar á hendur þeim. ASÍ-forystan samþykkti að stuðningur við farmenn væri óþarfur og stimplaði þá "hálaunamenn". Afstaða ASÍ þýddi í reynd, að ASÍ hefði lagt blessun sína yfir það að atvinnurekendur leigðu erlend flutningaskip til að lesta fiskafurðir í íslenskum höfnum og annast flutninga. ASÍ hefði þannig beinlínis haldið verndarhendi yfir verkfallsbrotum, og lagt því lið að brjóta farmenn á bak aftur.

Samspil ríkisstjórnarinnar/ASÍ/VSÍ í farmannaverkfallinu var eftirtektarvert. Fulltrúar allra þessara valdabákna bergmáluðu sömu tugguna. Kröfur farmanna voru sagðar tilræði við "jafnlaunastefnuna" og atvinnurekendur neituðu alfarið að ræða um neina kauphækkun til handa farmönnum. Sögðu réttilega) að slík afstaða væri í anda "ríkisstjórnar verkalýðsins".

Viðbrögð farmanna við bráðabirgðalögunum eru rétt. Með því að lýsa yfir yfirvinnubanni, er baráttustaðan mun sterkari, en ef þeir hefðu hunsað bráðabirgðalögin og neitað að sigla. Yfirvinnubannið er fyllilega lögmæt aðgerð sem þessi lög ná ekki yfir.

Kæra atvinnurekenda til Félagsdóms er tilraun til að sverta sjálfsagðan rétt launafólks til yfirvinnubanns að eigin ákvörðun.

Setning bráðabirgðalaganna er jafnframt merki þess, að ríkisvaldið, samtök atvinnurekenda og forystuklíkan í ASÍ eru smám saman að afnema frjálsan samningsrétt launafólks í landinu. Sömu aðilar og höfðu uppi stóryrði gegn bráðabirgðalögum Geirs-stjórnarinnar á síðasta ári standa nú að setningu laga sem að innihaldi eru enn illræmdari en þau sem þeir fordæmdu svo harðlega. Nú er í reynd verkfallsréttur farmanna afnuminn með lögum.

Verkalýðsblaðið og EIK(m-l) reyndu að styðja við bakið á farmönnum í erfiðri baráttu þeirra, aðallega með skrifum um málstað þeirra í blaðinu og útgáfu dreifirita. Farmenn virtust meta stuðning samtakanna, þó lítill hafi verið að vöxtum, enda einu pólitísku samtökin í landinu sem lýstu afdráttarlausum stuðningi við baráttu þeirra. Hins vegar var ekki boðin fram aðstoð, sem við gátum látið í té. Samtökin ráða yfir tækjum til útgáfu dreifirita, reynslu við áróðursstarf og dreifingakerfi á Reykjavíkursvæðinu og víðar. Slík aðstoð var ekki boðin fram og það eru alvarleg mistök. Við verðum að leggja fram starfskrafta okkar þar sem þeirra er þörf og geta okkar leyfir. Við hefðum hiklaust getað gert betur í farmannaverkfallinu.



Íslensk farskip á ytri höfninni. (Mynd: úr safni Vbl.)